

Aðfanga- og vörslustefna um einkaskjalasöfn í Héraðsskjalasafni Árneseinga

Gjörð með hliðsjón af stefnu norskra skjalasafna í málefnum einkaskjalasafna

Hugtök

Einkaskjalasafn: Er skjalasafn sem ekki er afhendingarskylt skv. lögum um opinber skjalasöfn. Tegundir einkaskjalasafna eru: Skjalasöfn einstaklinga, skjalasöfn félagasamtaka, skjalasöfn fyrirtækja og félaga og skjalasöfn annarra þ.á m. sjóðir, stofnanir, söfn og söfnuðir.

Opinber skjalasöfn: Eru skjalavörslustofnanir ríkis og sveitarfélaga og önnur skjalasöfn sem afhendingarskyld eru til opinberra skjalasafna skv. lögum og reglugerðum, svo sem skjalasöfn opinberra stofnana, embætta, ráða og nefnda.

Tilgangur aðfanga- og vörslustefnu

Að tryggja að varðveislu einkaskjalasafna sé hagað skipulega með kerfisbundnum hætti og fylgt sé faglegum grundvallaratriðum og verkferlum. Að gæta mikilvægis þess að einkaskjalasöfn varðveitist, ekki síður en skjöl opinberrar stjórnslu, til þess að tryggja vitnisburð um fyrri tíma á fullnægjandi hátt. Opinber skjalasöfn og einkaskjalasöfn urðu til við víxlverkun hins opinbera og einkaaðila og eru því órofa þættir í minni samfélagsins. Opinber skjöl öðlast meira gildi sem vitnisburður þegar kostur er á að nýta þau í tengslum við einkaskjöl. Mikilvægt er að varðveisla skjala tryggi heildrænan vitnisburð um samfélagið. Í skjölum einkaskjalasafna felast beint og óbeint réttindi einstaklinga, t.d. fjárhagsleg réttindi, eignarrétti, starfsréttindi og almenn réttindi til vitneskju um uppruna einstaklinga og sögu.

Lagastoð

Nokkur ákvæði laga kveða beinlínis á um söfnun, varðveislu og not einkaskjalasafna í opinberum skjalasöfnum.

16. grein laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveður á um einkaskjalasöfn og hljóðar svo:

Opinberu skjalasafni er heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila til varðveislu og eignar ef þau eru talin hafa mikilvæga þýðingu fyrir hlutverk safnsins skv. 13. gr. Þegar sérstaklega stendur á er opinberu skjalasafni þó heimilt að taka við slíkum skjölum með skilyrði um að þau verði ekki gerð aðgengileg í ákveðinn tíma, en hann má lengstur vera 80 ár og er heimilt að hafa ólík tímaviðmið um

aðgang almennings annars vegar og fræðimanna í skilningi 8. mgr. 37. gr. hins vegar. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um aðgang að slíkum skjalasöfnum eftir því sem við getur átt.

Þegar eigur manns renna til ríkissjóðs skv. 55. gr. erfðalaga skulu skjöl hans, ef einhver eru, afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalaverði er heimilt að fela héraðsskjalasafni varðveislu skjala sem Þjóðskjalasafni kunna að berast samkvæmt þessu ákvæði.

Hafi maður í vörslum sínum einkaskjalasafn sem enginn á eignarrétt að er honum skylt að afhenda það Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalaverði er heimilt að fela öðru safni varðveislu skjala sem Þjóðskjalasafni kunna að berast samkvæmt þessu ákvæði.

Þjóðskjalavörður skal beita sér fyrir að gert verði samkomulag milli opinberra skjalasafna og annarra stofnana sem málið varðar um hvernig varðveislu einkaskjalasafna verði best háttáð á opinberum vettvangi.

13. gr. grein laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveður á um söfnun einkaskjala:

Hlutverk opinberra skjalasafna er m.a. að: ... 6. leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.

Í 20. grein laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 um almenna miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna, er kveðið á um miðlun og fræðslu m.a. á grundvelli einkaskjala:

Opinber skjalasöfn skulu vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra.

Í 4. grein reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn segir:

...Héraðsskjalasöfn skulu leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu.

Fyrirvarar

Aðfanga- og vörslustefnan skuldbindur ekki héraðsskjalasafnið til viðtöku einstakra skjalasafna, stofnunin tekur afstöðu í hverju máli m.a. með hliðsjón af aðfangastefnunni.

Stefnt skal að samstarfi við önnur opinber skjalasöfn um aðfangastefnu. Samhæfing við aðfanga- og vörslustefnu er af hinu góða. Þetta verður þó að vera með fyrirvara um vilja eigenda einkaskjalasafna. Gæta þarf þess að virða hann. Aðalatriði er að tryggja varðveislu skjalasafna og koma í veg fyrir að þau sundrist.

Þess skal gætt við öflun og aðföng einkaskjalasafna að grisjun eigi að jafnaði ekki að fara fram á þeim, aðeins hreinsun. Mikilvert er að það orð fari ekki af opinberum skjalasöfnum að þau fargi því sem þeim er afhent.

Stefnan

Héraðsskjalasafn Árneseinga var stofnað árið 1985. Það er opinbert skjalasafn sem hefur eftirlit með skjalavörslu allra sveitarfélaga í Árneseýslu og stofnanna á þeirra vegum og tekur skjöl þeirra til varðveislu. Héraðsskjalasafn Árneseinga starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Það hefur frá upphafi tekið til varðveislu einkaskjalasöfn af ólíkum uppruna og mun gera það áfram.

Héraðsskjalasafnið skal leitast við að fá til varðveislu skjöl einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og annarra er gildi þykja hafa fyrir sögu umdæmis þess eða íbúa þess.

Umdæmi Héraðsskjalasafns Árneseinga er Árneseýsla. Þegar skjalasafnið sækist eftir að taka til varðveislu einkaskjöl sem eru utan umdæmisins er það því aðeins að þau hafi gildi fyrir sögu sveitarfélaganna eða sýslunnar allrar og/eða hafa verið mynduð þar.

Héraðsskjalasafn Árneseinga tekur við skjölum einkaaðila óháð áritunarformi, en áskilur sér um leið rétt til þess að afrita gögn með þeim hætti sem þykir bestur hverju sinni.

Stefnt skal að því að gera afhendingarsamning um sérhverja afhendingu einkaskjala til héraðsskjalasafnsins.

Héraðsskjalasafn Árneseinga fylgir ákvæðum laga og reglugerða um opinber skjalasöfn við öflun, vörslu, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum. Stefna ber að því að kvaðir um aðgengishindranir á einkaskjalasöfnum í vörslu héraðsskjalasafnsins séu sem minnstar umfram ákvæði laga. Við framkvæmd aðfanga- og vörslustefnunnar skulu grunnviðmið faglegrar skjalavörslu í heiðri höfð svo sem innri og ytri upprunaregla, siðareglur skjalavarða og önnur fagleg viðmið um frágang og skráningu skjalasafna.

Stefnt skal að því að halda skrá yfir einkaskjalasöfn í einkaeigu sem teljast eftirsóknarverð til varðveislu og sérstaklega merkja þau sem hafa sérstakt varðveislugildi. Skráin heyrir til vinnugögnum Héraðsskjalasafns Árneseinga og felur ekki í sér ákvörðun um hagsmuni, réttindi eða skyldu.

Gildistími

Gildistími aðfanga- og vörslustefnu er fimm ár, frá 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2021. Aðfanga- og vörslustefnu má ef þurfa þykir endurskoða á gildistímanum þannig að hún nýtist sem best í starfi héraðsskjalasafnsins.

Þorsteinn Tryggvi Másson
Héraðsskjalavörður

Samþykkt á stjórnarfundi stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga 19. apríl 2017